

Fundur haldinn í stjórn Listasafns Árnesinga bs., í Listasafni Árnesinga miðvikudaginn
5. ágúst kl. 15:00

Mætt: Sigmar Karlsson formaður, Harpa Dís Harðardóttir, Sigurbjörg
Guðmundsdóttir og Kristín Scheving safnstjóri.

Sigmar Karlsson ritar fundargerð.

Dagskrá:

1. Kynning á starfsemi safnsins.

Kristín fór yfir helstu atriði sem varðar daglega starfsemi safnsins.
Starfsmannamál, rekstur ofl. Undirbúningur haustsýningar stendur yfir. Sú
sýning opnar 12. september. Farið var hring um safnið og stjórn kynnt það
helsta.

2. Framkvæmdir á þaki safnsins, staða mála.

Runólfur Þór Jónsson frá Hveragerðisbæ kemur inn á fundinn klukkan 15:30.
Runólfur fór yfir ferlið sem hefur verið í gangi varðandi viðhald á þaki
húsnæðisins. Það hefur dregist að fá gögn frá Eflu vegna undirbúnings
útboðsgagna sem hefur haft þær afleiðingar að verkið kemur til með að
frestast til sumarsins 2027. Ákveðið að bjóða verkið út í haust með verktíma
maí og júní 2027. Runólfur tekur að sér að vera í samskiptum við Eflu
varðandi undirbúning útboðs.

3. Gjöf til safnsins frá listamanninum Frosta Fjalar (arfur)

Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir héraðsdómslögmaður hjá Lögmonnum
Suðurlands kemur inn á fundinn klukkan 16:00. Stjórn LÁ samþykkir að byggja
gjöfina með fyrirvara um samþykki aukaaðalfundar LÁ. Ákveðið að boða til
aukaaðalfundar eins fljótt og hægt er. Ákveðið að fela Dagný að vera stjórn
og safnstjóra innan handar við eftirfylgni þessa máls og vera í samskiptum við
fjármálastofnanir varðandi málið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:30



Handwritten signatures and initials in blue ink, including what appears to be 'SH', 'HDA', and 'CH'.




Sigmar Karlsson, formaður



Harpa Dis Harðardóttir



Sigurbjörg Guðmundsdóttir



Kristín Scheving, safnstjóri